

Mál nr. 153/2008

**H
og
X vegna ábyrgðarliðs heimilisverndar B**

Skemmdir á bifreið af völdum hjóls.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. ágúst 2008 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hjólreiðamaður var að hjóla á gangbraut þegar óhapp varð milli hans og bifreiðarinnar A. Hjólreiðamaðurinn (hér nefndur B) var ekki alveg viss um aðdragandann en taldi að A hafi verið ólöglega lagt á gangbrautinni. Lögreglan ræddi við ökumann A sem sýndi lögreglu ákomu á A og fór með lögreglu á vettvang til að sýna hvernig staða A hefði verið. Ökumaður A kvaðst hafa verið kyrrstæð á gatnamótunum þegar hann veitti hjólreiðamanni, karlmanni, athygli þegar hann hjólaði afturfyrir A. Skömmu síðar hafi heyrst högghljóð og þá hafi ökumaðurinn séð annan reiðhjólamann, B, fyrir aftan bifreiðina. Ökumaðurinn fór út úr bifreiðinni og ræddi við B sem sagðist hafa rekist utan í A og dottið. Ákoma var á A á hægri afturhorni á bretti og stuðara. Í síðari lögregluskýrslu fullyrti B að A hafi runnið aftur á bak eða verið ekið aftur á bak og við það hafi henni fátast á hjólinu og lent aftan á bifreiðinni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að A hafi verið kyrrstæð þegar B fataðist á hjóli með þeim afleiðingum B datt utan í A, með þeim afleiðingum að A skemmdist. Fyrir liggur að B datt utan í A, olli með því skemmdum á A og ber ábyrgð á þeim. Tjón á A bætist úr ábyrgðarlið heimilisverndar B.

Niðurstaða.

Tjón A bætist úr ábyrgðarlið heimilisverndar B.

Reykjavík, 16. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.